

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá bs. Stekkjarvík



Dags eftirlits	14.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá bs.	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Bjarki Gíslason	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit er varðar ófullnægjandi skil á á skráningum í ársyfirliti. Rekstraraðili hefur bætt úr skilum með uppfærðum skráningum sem skilað var inn til Umhverfis- og orkustofnunar þann 23. júní, frávíkinu er því lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn á urðunarstað Norðurá bs. í Stekkjarvík, Blönduósi í samræmi við ákvæði 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Nýtt starfsleyfi fyrir Norðurá bs. var gefið út þann 21. maí 2025 og við það féll eldra starfsleyfi úr gildi. Nýtt starfsleyfi tekur á heimild til reksturs brennsluofns fyrir aukaafurðir dýra sem og áframhaldandi heimild til urðunar og aukningu á heimild til urðunar. Gildistími starfsleyfis er til 21. maí 2041.

Boðað umfang eftirlits var:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað og umgengni og aðkoma lóðar

1. Til umfjöllunar var útgáfa nýs starfsleyfis. Fyrirhugað er hjá rekstraraðila að finna lausnir til að ná fram nýtingu á hauggasi úr gassöfnunarkerfi urðunarstaðarins. Ekki er fyrir séð að farið verði í uppsetningu á brennsluofni inn á urðunarstað þó slíkt sé komið inn í starfsleyfi. Var rekstraraðili beðinn um að senda inn tilkynningu til stofnunarinnar þegar ákvörðun um slíkt lægi fyrir.

2. Farið var yfir helstu atriði starfsleyfis. Rekstraraðili vinnur innan heimildar starfsleyfis en á síðasta rekstrarári voru urðuð 23.006 t á urðunarstaðnum, heimild í starfsleyfi er upp á 30.000 t. Verkstjórn á urðunarstað er góð og þjálfun er til staðar, sem og þekking á lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

3. Athugasemdir voru gerðar við skil á skráningum í eftirliti vegna skila á vöktunarmælingum, þ.e.a.s. vegna skráninga á stöðu urðunarstaðar, vegna skráninga á sigmælingum og skráningum á uppgufunarmælingum. Rekstraraðili skilaði inn uppfærðum skráningum þann 23. júní, eftir að veittar voru frekari leiðbeiningar vegna skila frá eftirlitsaðila. Ekki eru gerðar athugasemdir varðandi niðurstöður vöktunar. Breyting hefur verið gerð á vöktun yfirborðsvatns í nýju starfsleyfi en í stað vöktunar úr Dalalæk, verður Stekkjavíkurlækur vaktaður.

4. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda er til staðar, hana þarf þó að endurskoða reglulega, a.m.k. á fjögurra ára fresti. Starfsleyfistrygging er til staðar, en rekstraraðili hefur byggt upp lokunarsjóð sem tengdur er þeirri ábyrgð sem fylgir eftir að kemur að lokun urðunarstaðar. Tryggingar eru til staðar út frá 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið sem síðast voru endurskoðuð árið 2023.

5. Eftirlitsaðili uppfærði áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eftir að rekstraraðili skilaði inn bættum skráningum og er niðurstaðan árlegt eftirlit fyrir urðunarstaðinn.

6. Rekstraraðila var kynnt breyting á fyrirkomulagi eftirlits og honum bent á að slík breyting hafi frekari áhrif á þá

sem hafa fengið strjálta eftirlit út frá áhættumati. Ekki var fjallað sérstaklega um leiðbeiningar um olíuskiljur en rekstraraðila bent á að það er gagnlegt að kynna sér þær engu að síður

7. Fjallað var um breytingar á rg. nr. 990/2008 um ústreymisbókhald og áhrif þeirra breytinga á skil frá rekstraraðila.

8. Urðunarstaður var skoðaður, ekki er tilefni til athugasemda vegna frágangs urðunarreina, umgengni né aðkomu urðunarstaðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 5.1. í starfsleyfi:	Árlegum skráningum vegna innra eftirlits sem skilað er inn í skýrslu til Umhverfis- og orkustofnunar sbr. gr. 5.4 í starfsleyfi voru ófullnægjandi, vantaði inn skráningar vegna stöðu urðunarstaðar, skráningar á breytingum á umfangi urðunarstaðar (sig) og útreikninga á daglegri uppgufun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir